



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagur, 28. mars 2014

Ákvörðun nr. 9/2014

Kaup Strahan II ehf. á rekstri og rekstrareignum Póstmiðstöðvarinnar ehf. ásamt öllu hlutafé í Póstþjónustunni ehf. og Póstdreifingu ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Þann 10. febrúar 2014 barst Samkeppniseftirlitinu svonefnd styttri samrunatilkynning vegna kaupa Strahan II ehf. (hér eftir Strahan II) á öllum rekstri og rekstrareignum Póstmiðstöðvarinnar ehf. (hér eftir Póstmiðstöðin) ásamt öllum hlutum í Póstdreifingunni ehf. (hér eftir Póstdreifing) og Póstþjónustunni ehf. (hér eftir Póstþjónustan) í samræmi við ákvæði b. liðar 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005.

Tilkynningunni fylgdu m.a. samningur um kaup Strahan II á öllum rekstri og rekstrareignum Póstmiðstöðvarinnar og samningur um kaup á öllum hlutum í Póstdreifingu og Póstþjónustunni. Auk þess fylgdu með samrunaskránni ársreikningar samrunaaðila og móðurfélaga þeirra þar sem m.a. er að finna upplýsingar um veltu þeirra. Að mati Samkeppniseftirlitsins fela framangreindir gerningar í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr. a laganna, þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

Með bréfi, dags. 14. mars 2014, tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum að rannsaka þyrfti samkeppnisleg áhrif samrunans frekar, sbr. 1. mgr. 17. gr. d samkeppnislaga.

Vegna rannsóknar málsins hefur Samkeppniseftirlitið aflað ýmissa upplýsinga frá aðilum málsins. Þá hefur eftirlitið jafnframt aflað sjónarmiða frá aðilum sem gætu veitt eftirlitinu upplýsingar varðandi rannsókn málsins.



II.

Samkeppnisleg áhrif samrunans

Aðilar samrunans eru Strahan II, Póstmiðstöðin, Póstdreifing og Póstþjónustan. Í samrunaskránni kemur fram að með umræddum samruna eignist Strahan II allan rekstur og rekstrareiningar Póstmiðstöðvarinnar og alla hluti í Póstdreifingu og Póstþjónustunni. Með öllum rekstri og rekstrareiningum Póstmiðstöðvarinnar er átt við allar eignir og réttindi (áþreifanleg sem og óáþreifanleg) sem tilheyra og/eða hafa verið nýtt í rekstri og eru nauðsynleg til að reka starfsemina áfram eins og verið hefur.

Í samrunaskránni kemur fram að Strahan II sé nýstofnað eignarhaldsfélag í fullri eigu Fiskisunds ehf. (hér eftir Fiskisund). Hluthafar í Fiskisundi eru Einarsmelur ehf., B10 ehf. og Nolt ehf. og er eignarhlutur hvers félags 33,33%. Einarsmelur ehf. er eignarhaldsfélag í eigu Einars Arnar Ólafssonar. Helstu fjárfestingar þess félags eru fyrrgreindur hluti í Fiskisundi og 4% hlutur í SF IV slhf. sem á Skeljung hf. og Magn í Færeyjum. B10 ehf. er fjárfestingarfélag sem er að fullu í eigu Höllu Sigrúnar Hjartardóttur. Eina eign félagsins er framangreindur hlutur í Fiskisundi. Þá er Nolt ehf. fjárfestingarfélag sem er að fullu í eigu Kára Þórs Guðjónssonar. Eina eign þess félags er framangreindur hlutur í Fiskisundi.

Í samrunaskrá kemur jafnframt fram að í eigu Fiskisunds séu allir hlutir í Strahan II og 57,04% hlutur í Fjarðalaxi ehf. Fjarðalax ehf. er laxeldisfyrirtæki með starfsemi á Vestfjörðum, nánar tiltekið í Arnarfirði, Patreksfirði og Tálknafirði.

Þá segir í samrunaskrá að þegar kaupverð hefur verið greitt og afhending farið fram sé áætlað að hækka hlutafé Strahan II. Fyrirhugað sé að nýr fjárfestir muni skrá sig fyrir hluta nýs hlutafjár. Um sé að ræða breskt eignarhaldsfélag, Strahan II Ltd. sem sé í eigu Malcolm Walker og Tarsem Dhaliwal, sem eru breskir ríkisborgarar. Áætlað sé að hlutir í Strahan II muni eftir hækkun hlutafjár skiptast með þeim hætti að Fiskisund muni eiga 51% en Strahan II Ltd. muni eiga 49%.

Í samrunaskrá kemur fram að starfsemi Póstmiðstöðvarinnar felist í útkeyrslu á vörum og sendingum til fyrirtækja og einstaklinga á höfuðborgarsvæðinu. Þá sinnir félagið virðisaukaskattskyldum flutningum með blöð og tímarit ásamt plastpökkun og áritun að beiðni viðskiptavina.

Þá segir í samrunaskrá að Póstdreifing sjái um póstmiðlun og dreifingu á blöðum og tímaritum. Leggur félagið áherslu á sérhæfða þjónustu og lausnir er viðkoma blaða- og tímaritadreifingu, póstmiðlun, markhópagreiningu, plastpökkun og áritun. Póstdreifing dreifir Fréttablaðinu sex daga vikunnar til heimila á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.

Telja samrunaaðilar að samruni þessi hafi aðeins áhrif á þá markaði sem Póstmiðstöðin og Póstdreifing hafa starfsemi á en Póstþjónustan hefur enga starfsemi. Þeir markaðir eru markaður fyrir dreifingu á dagblöðum, markaður fyrir dreifingu á fjölpósti og tímaritum, markaður fyrir póstmiðlun og markaður fyrir vörudreifingu.

Samkvæmt samrunaskrá starfa aðeins tvö fyrirtæki á markaði fyrir dreifingu á dagblöðum, þ.e. Árvakur og Póstmiðstöðin. Árvakur dreifir Morgunblaðinu,



Fréttatímanum, Viðskiptablaðinu og DV. Póstmiðstöðin dreifir Fréttablaðinu. Bæði félögin bjóða upp á morgundreifingu á dagblöðum á dreifisvæðum sínum. Dreifisvæði Árvakurs er lúgudreifing um allt land utan strjálbýlustu byggðarlaga þar sem fyrirtækið notar Íslandspóst til dreifingar. Dreifisvæði Póstmiðstöðvarinnar er lúgudreifing á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Utan þess er svokölluð kassadreifing á Akranesi, Borgarnesi, Selfossi, Hveragerði, Reykjanesbæ, Grindavík, Sandgerði, Vogum, Garði, Stokkseyri og Eyrarbakka.

Póstmiðstöðin starfar jafnframt á markaði fyrir dreifingu á fjölpósti og tímaritum í beinni samkeppni við Íslandspóst. Samkvæmt samrunaskrá hefur Árvakur lítið komið inn á þann markað.

Að lokum þá starfar Póstmiðstöðin einnig við póstmíðlun á bréfaþósti en hefur þar litla markaðshlutdeild. Að mati samrunaaðila er Íslandspóstur markaðsráðandi á þeim markaði.

Þá fjalla samrunaaðilar sérstaklega um einkaréttardreifingarsamning sem Strahan II hefur gert við 365 miðla ehf. Fram kemur í samrunaskrá að sá samningur sé órjúfanlegur hluti kaupanna og varði hann einkarétt á flutningi og dreifingu á blöðum útgefnum af 365 miðlum, nánar tiltekið Fréttablaðinu. Samkvæmt samningnum gildir þessi einkaréttur frá undirritun og er óuppsægjanlegur til loka ársins 2021 en eftir það er samningurinn uppsægjanlegur með sex mánaða uppsagnarfresti. Telja samrunaaðilar að umræddur samningur hafi ekki í för með sér röskun á samkeppni. Á markaði fyrir dreifingu dagblaða starfi einungis tvö fyrirtæki, Árvakur og Póstmiðstöðin. Þá hafi lóðrétt samþætting verið töluverð á þeim markaði. Árvakur gefi út og dreifi sínu eigin blaði, Morgunblaðinu, ásamt því að prenta og dreifa öðrum blöðum. Póstmiðstöðin hafi dreift blaði sem móðurfélag þess hafi gefið út, þ.e. Fréttablaðinu. Við samruna þennan rofna þessi tengsl milli útgáfu og dreifingar Fréttablaðsins. Að mati samrunaaðila eru því kaup þessi jákvæð fyrir samkeppni á dreifingu dagblaða og geti haft jákvæð áhrif á aðra tengda markaði. [...]¹

Er það mat samrunaaðila að samruninn hafi ekki í för með sér neikvæð áhrif á samkeppni. Þannig breytist markaðshlutdeild samrunaaðila ekkert né annarra keppinauta. Þá verði ekki til lóðrétt samstarf á mörkuðum málsins. Telja samrunaaðilar að áhrifin muni fyrst og fremst vera jákvæð enda komi nýjar áherslur með nýjum eigendum. Þá sé jafnframt slitið á hefðbundna lóðréttu samþættingu varðandi útgáfu dagblaða og dreifingu þeirra. Nánar tiltekið þá verði Fréttablaðinu dreift af hálfu óskylds þriðja aðila.

III.

Niðurstaða

Við mat á samkeppnislegum áhrifum af samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar

¹ Fellt út vegna trúnaðar.



fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Við rannsókn málsins var litið sérstaklega til þess að samruninn og sá dreifingarsamningur sem Strahan II hefur gert við 365 miðla muni ekki hafa í för með sér breytingu á markaðshlutdeild aðila á markaði fyrir dreifingu á dagblöðum. Þá var einnig litið til þess að lóðrétt samþætting hefur til þessa verið einkennandi fyrir markaðinn fyrir dreifingu dagblaða. Hefur samruninn þær afleiðingar að rjúfa bein eignartengsl á milli útgáfu og dreifingar Fréttablaðsins. Þannig verður Fréttablaðinu dreift af óskyldum þriðja aðila í kjölfar samrunans. Í reynd felur hinn framangreindi dreifingasamningur í sér óbreytt fyrirkomulag hvað varðar dreifingu Fréttablaðsins til næstu átta ára frá því sem áður hefur verið. Er það þó mat Samkeppniseftirlitsins að til framtíðar kunni samruninn að hafa jákvæð áhrif á markað fyrir dreifingu dagblaða og mögulega aðra tengda markaði.

Að undangenginni athugun og með hliðsjón af gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að samruninn muni ekki hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Telur Samkeppniseftirlitið því ekki forsendur til að aðhafast frekar í tengslum við þennan samruna.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til að aðhafast frekar vegna kaupa Strahan II ehf. á rekstri og rekstrareignum Póstmiðstöðvarinnar ehf. ásamt öllu hlutafé í Póstþjónustunni ehf. og Póstdreifingu ehf.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson